

Vetrarmælingar
á
Norður- og Austurlandi
marz-apríl 1952.

VATNAMÆLINGAR
Skilagrein 46
frumrit

Þessi skilagrein er framhald af skýrslu um vatnamælingu í Húnavatnssýslum.

Undirritaður (S.Rist) fór frá Akureyri 17. marz 1952 með v/s Heklu til Kópaskers, komið var þangað 18. marz.

Jökulsá á Fjöllum.

Athugaði vhm og vatnsrennslismælistað. Ís hindraði ekki rennslið. Í fyrstu frostkviðum vetrarins, áður en áin kemst undir ís inni í landi, hækkar hún þarna upp af krapi um stund, svo er hún auð hjá vatnshæðarmæli nær allan veturinn.

Vaðkotsá og Smjörhólsá.

Árnar óhindraðar af ís og því ekkert nýtt um þær að segja. Dagana 16.-18. marz var að vísu þíða, en þótt frost gangi, eru þær auðar-lindaár.

Skinnastaður.

Skýrsla um virkjanastöðu að Skinnastað hjá sóknarprestinum Páli Þorleifssyni er afhent P.Hafstað.

Axarfjarðarheiði.

Gengið á skíðum 20. marz austur yfir Axarfjarðarheiði, lagt upp frá Sandfellshaga og komið að Garði. Mikill gaddur á heiðinni. Þar hafði dignað í snjó, en nú var komið frost aftur. Niður í Þistilfirði var jörð auð að mestu, en stórfenni í giljum.

Frá Garði var bílfært um Þistilfjörð, en ekkert farartæki að fá. Hélt áfram fótgangandi að Flögu.

Sandá 21. marz.

Snjóbreiða náði yfir Sandá milli gilbarma. Á stöku stað voru "dottin á hana augu". Þar sást í margra metra ís- og snjóhranna-stálið. Hjá vhm lá snjó- og ísfarg á ánni, sem þvingaði rennslið, álestrar gefa því enga hugmynd um rennslið. Ég athugaði um stað fyrir aukameli. Þetta var 21. marz þ.e.a.s. á þriðja degi frá leysingu, og var ljóst að leysingin orsakaði töluvert herra rennsli en venjulegt vatnarennisli. Þegar lágt var í sjó mældi ég ána út við ós. $Q = 12.0 \text{ m}^3/\text{sek} \text{ þ.e.a.s. } 47 \text{ l/sek pr km}^2$. Samkvæmt því hefði mátt gera ráð fyrir 11 m^3/sek rennsli um Sandárfoss. Hjá Sandárfossi tók ég nokkrar myndir af snjólaginu.

Kóngslækur og Fossá, 21. marz.

Kóngslækur n.v. brún $Q = 50 \text{ l/sek} \text{ þ.e.a.s. } 20 \text{ l/sek pr km}^2$.
Fossá niður við þjóðveg $Q = 360 \text{ l/sek} \text{ þ.e.a.s. } 17 \text{ l/sek pr km}^2$.
Fossá var mæld á yfirfalli um nokkurt skeið og fór þá niður í $34 \text{ l/sek} \text{ þ.e. } 1,6 \text{ l/sek pr km}^2$.

Þórshöfn-Skeggjastaðir.

Frá Flögu var bílfært austur á Brekknaheiði. Þaðan fór ég gangandi og náði að Felli um kvöldið (21. marz). Við Bakkafjörð var lítill snjór og skíðafæri slæmt, enda var norðaustan krepjuveður. Kom að Skeggjastöðum á liðnum degi (22. marz).

Skeggjastaðaa, 23. marz.

Prestinum Sigmari Torfasyni var tíðrætt um rafmagnsmál sveitarinnar. Hann hafði í höndum áætlun Páls Hafstaðs um virkjun Skeggja-

staðará (venjul. nefnd Staðará). Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir 400 l/sek nýtanlegs vatns, eða 8 l/sek pr km². Ég mældi rennsli árinna Q = 440 l/sek þ.e. 9 l/sek pr km². Þetta var 23. marz eða á 5. degi frá leysingu, svo að um mikla vatnsaukningu af hennar völdum er ekki að ræða. Rennslið mun ekki að jafnaði fara undir 400 l/sek, svo að hvað vatninu viðvíkur er áætlunin örugg. Áin er lindaá. Hún var auð, þótt aðrar ár í nágrenninu veru undir ís, en svo er lengst af á veturnum.

Sandvíkurheiði 24. marz.

Þ. 24. marz hélt ég frá Skeggjastöðum að Hvammsgerði í Vopnafirði. Á Sandvíkurheiði féll ég í "botnlausan" vatnsþytt, sem snjóhula var yfir. Með aðstoð skíðastafa kom ég bakpokanum upp á skara-brúnina áður en ég kafaði niður til að losa skíðin. Að sjálfsögðu þola vatnamælingateki að vökna, en pappír og ljósmelir, sem var í bakpokanum, skemmdist nokkuð.

Hvammsá, 24. marz,

Mikill snjór var í gili Hvammsár, en hún hafði víða brött af sér. Þar sem hún fellur í Selá var Selá undir gaddi, en Hvammsá hélt opinni vök nokkurn spöl út með norðurlandinu. Hjá vatnsheðarmæli var í yfir Hvammsá, en hann virtist vera allur á lofti. Álestur var 28, en hvort hann var eitthvað truflaður, verður ekki sagt um með vissu.

Rennslismæling gaf Q = 1,0 m³/sek þ.e.a.s. 12,5 l/sek pr km². Þetta mun vera venjulegt vetrarennsli. Hélt svo að Selá og leitaði að vatnsrennsli smælistað.

Selá, 25. marz.

Rennsli Selár mælt fyrir neðan Hróaldsstaði. Þar var unnt að mæla hana auða. Hjá vatnshæðarmæli var rennslið truflað af ís og snjó. Einkum var snjórinn mikill norðan árinna. Þeim megin var heiðin öll undir snjó, og frá gilbarminum að norðan náði mjög þykkur skafll út á ána og víða alveg yfir hana, á stöku stað voru vakir á ánni, en þar slúttu hengjur yfir. Á vatnsrennslismælistaðnum var rennslið óhindrað og því tilvalinn staður fyrir aukamæli, en sá galli var á gjöf Njarðar, að ekki var ráðlegt að hafa aukamæli að norðan, Hróaldsstaða megin, vegna snjóhengju, svo að mælinum var 348 valinn staður við klöpp sunnan ár. Álestur 50 cm. Meðan ís er á ánni, getur gæzlumaður auðveldlega lesið á mælinn, en ís er þar löngum á þeim tíma, sem aukamælis er þörf.

$Q = 7,3 \text{ m}^3/\text{sek p.e.a.s. ll l/sek pr km}^2$, sem er nálægt venjulegu vetrarennslu.

Vopnafjörðuⁿ/Egilsstaðir, 27. marz.

Hélt úr Vopnafirði suður yfir Smjörvatnsheiði 24. marz að Hjarðarhaga á Jökuldal. Skíðaleiði gott. Að lokinni athugun þar, hélt ég að Hauksstöðum, en þaðan var bílfært að Egilsstöðum.

Sauðá, 27. marz.

Meldi Sauðá lauslega hjá Hjarðarhaga. $Q = 50 \text{ l/sek p.e.a.s. um } 3 \text{ l/sek pr km}^2$. Þíðan 16.-18. marz mun ekki hafa haft teljandi áhrif uppi á Hjarðarheiði, ^{hosa} svo að ekki er ástæða til að ætla, að rennsli Sauðár fari mikið undir 50 l/sek. 349

Páll Hjarðar hafði áætlun frá nafna sínum Hafstað um virkjun Sauðár, sem hljóðaði upp á 50 l/sek í 56,5 m falli.

Jökulsá á Brú, 27. marz.

Athugaði vhm, Rennslið var lítið eitt hindrað af ís. Valdi stað fyrir rennslismælingar við lítið rennsli.

Grímsá, 28. marz.

Grímsá mæld fyrir neðan Stóra-Sandfell. $Q = 6,8 \text{ p.e.a.s. } 13,5$ ³⁵⁰
l/sek pr km². Grímsá er samkvæmt langæislínuriti 6,8 m³/sek eða meir í 315 daga á ári. Þetta má því teljast sem næst venjulegt vetrarrennsli. Gera má ráð fyrir, að ísskór ofan við vhm hafi truflað eðilega vatnshæð. Athugað um stað fyrir aukamæli.

Fjarðará, 29. og 30. marz.

Mældi Fjarðará, Seyðisfirði á Neðri-Staf.

Mæling I	330 l/sek
" II	335 "
" III	<u>345 "</u>
Meðaltal	337 l/sek

Rm 351

Rm 352

Tveir stafir höfðu verið teknir úr stíflu Heiðarvatns og álestur var þar 122, úr vatninu hafa því runnið 190 l/sek. Úrkomusvæðið frá Heiðarvatni og niður á Neðri-Staf er um 36 km², en vatnið, sem fallið hefur til á þessu svæði eru 147 l/sek eða 4,1 l/sek pr km². Úrkomusvæði Heiðarvatns er 11 km², svo að ætla má rennsli til vatnsins hafi verið 45 l/sek. Samkvæmt því hefur gengið á vatnsbirgðarnar um 145 l á sek hverri eða 12500 m³ pr sólarhring.

Lagarfoss, 31. marz.

Frá Neðri-Staf hélt ég um kvöldið um Stafdal og Gilsárdal til Eiða, næsta morgun (31. marz) að Lagarfossi. Þar gerðust ill tíðindi. Vatnshæðarmælistaðurinn er hentugur til vetrarmælinga, aðdragandinn að fossinum er þar úti fyrir, fljótið því autt - eini staður-

inn í öllu Lagarfljóti, sem er ótruflað^{ur} af ís nær allan veturinn. Þetta eru ekki hin illu tíðindi, heldur hitt, að gæzlumaðurinn, sem er á Ekru, hefur skráð álestra á/nokkurra athugana. Í mælibók voru færðir álestrar 48 og þar um næstu daga og vikurnar á undan, en réttur álestur tekinn með hallamáli og réttsskeið fram yfir skarabrún, ~~var~~ 155. Sonur gæzlumannsins, sem hafði mælingarnar á hendi, varð að viðurkenna svik sín.

Ég athugaði um möguleika á að fela gæzluna öðru heimili.

Lagarfljótsbrú, 31. marz.

Hjá Lagarfljótsbrú var fljótið autt á nokkrum kafla. Gæzla mælisins þar var í góðu lagi.

Breiðdalsá, 2. apríl.

Fór úr Skriðdal um Breiðdalsheiði 1. apríl. Á heiðinni var töluverður snjór, en nær enginn í Breiðdal. Breiðdalsá hjá Beljanda $Q = 2,6 \text{ m}^3/\text{sek}$ þ.e.a.s. 18 l/sek pr km². 357

Álestur: Aðalmælir 110, aukamælir (Beljandi) -58, Klöpp S.R.& G.Z. -173.

Hjá Beljanda er fall af stærðargráðunni 10 m. Þar eru góð skilyrði til vatnsuppistöðu. Breiðdalsá fer sjaldan undir $2,5 \text{ m}^3/\text{sek}$, þó niður í $1 \text{ m}^3/\text{sek}$ á vetrinum '50-'51.

Í Breiðdal er skammur tími milli leysinga á vetrum, svo að lón við stíflu nýttist mjög vel.

Laxá, Nesjum, 4. apríl.

Frá Breiðdal hélt ég landleiðina til Hornafjarðar. Nóttina milli 3. og 4. apríl kom SA-átt með rigningu á láglandi, en engin leysing var yfir 300 m hæð. Laxá drýgðist lítið eitt $Q = 2,3 \text{ m}^3/\text{sek}$ þ.e. 46 l/sek pr km². 358
Álestur 53. Næstu daga var þurrt veður og

frost, 6. apríl var $Q = 2,0 \text{ m}^3/\text{sek p.e. } 40 \text{ l/sek pr km}^2$. Álestur
48. Mældi Hornafjarðarfljót og hélt svo vestur með jöklinum, en
skýri frá því í sér greinagerð.

23/4
Síðasta vetrardag, 1952.

Sigurð Rist